

Fundur skólaráðs fimmtudaginn 8.sept. 2011

Mætt voru: Inga Björg, Rut, Erla, Helga Kristín, Guðlaug, Ólína, Sigurlína, Hildur og Örn.

Rætt var um fundartíma og hvort hægt væri að hafa einhverja fundi seinni part dags. Verður skoðað og reynt að finna tíma sem hentar sem flestum. Andri Sigfússon hefur verið fulltrúi grenndarsamfélagsins í tvö ár en hefur mætt fremur illa á fundi. Ákveðið að skipta honum út fyrir Margréti Sigurðardóttur í Selinu þar sem hún var kosinn til vara.

Farið var yfir skipulag skólaráðs fyrir þennan vetur. Óskað var eftir að einhverjir fundir yrðu án fulltrúa nemenda en með stjórn foreldrafélagsins þar sem oft væru mál sem þyrfti að ræða án nemendanna. Þetta var samþykkt.

Guðlaug sagði frá skólakynningum með foreldrum sem hafa gengið vel. Foreldrar eru ánægðir með þetta fyrirkomulag. Bent á að það mætti greina frá þeirri fræðslu sem nemendur fá um einelti.

Rætt var um fyrirkomulag samræmdra prófa og bent á að þetta eru eingöngu könnunarpróf.

Spurt var um notkun debitkorta hjá nemendum í Való og fram kom að mörgum foreldrum finnst nemendur vera of ungir til þess að fá slík kort. Helga Kristín sagði að margir væru með peninga en æskilegt væri að hafa sem minnst af peningum í umferð. Rætt hvort ekki væri hægt að koma upp einhvers konar miðakerfi þar sem hægt væri að kaupa brauð og jógúrt gegn miðum.

Guðlaug ræddi lítilega um drög að skólastefnu bæjarins. Fulltrúar foreldra vildu fá að kynna sér stefnuna betur og munu skila athugasemdum til Baldurs.

Spurt var um hvort næg gæsla væri bæði á göngum og úti í frímínútum í Mýró. Talið að svo sé og fram kom að almenn ánægja sé með þrískiptar frímínútur í hádeginu, minna sé um árekstra og nemendur séu rólegri. Í Való er góð mönnun á göngunum og allt hefur gengið vel.

Örn talaði um að gæsla í íþróttahúsinu væri ekki nógu góð. Það vantar karlmann á vakt til að fylgjast með drengjunum sérstaklega 7.bekk. Aftur á móti sagði hann að mjög góð gæsla væri í sundi. Guðlaug ætlar að ræða þessi mál við Hauk.

Næsti fundur ekki ákveðinn en hann verður í október. Fundarboð verður sent út tímanlega.